

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Björn Bjarnason.***LÖG****um breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Björn Bjarnason.***LÖG****um breyting á lögum um framhaldsskóla,
nr. 80/1996, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til allt að fimm ára í senn, áfangastjóra til allt að fjögurra ára og aðra stjórnendur að höfðu samráði við skólanefnd.

2. gr.

1. másl. 1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara.